

Höfuðból 205-Byggingarlýsing

Fateignarnúmer 2515811
Landeigendanúmer: 232001
Staðgreinir: 8614-5-xxxx

Hönnunarstjóri er Gunnlaugur Johnson, arkitekt FAÍ

Húsið er frístundahús á einni hæð. Það er hefðbundið timburhús. Gólf eru steipt og klædd parketti í íbúðarrýmum en steinflisum í eldhúsi og á göngum. Einangrað er undir steipta plötu og sökkla með 100 mm polystyrene einangrun.

Útveggir eru einangraðir með 135 mm steinull; U-gildi 0.3 W/m2.
Hluti veggjanna er klæddur lóðéttri bærustálsklæðningu og hluti þeirra lóðréttri, sviðinni timburklæðningu.

Þak er hallandi timbursperruþak með krossviði og klætt dúk. Loftað.
Frágnur þakdúks skal vera skv. forsögn framleiðandans og unninn af fagmönnum sem framleiðandinn viðurkennir.
Einangrað með 230 mm. steinullareinangrun. U-gildi 0.2 W/m2. Þakhalli ca. 7°.

Loftaklæðning íbúðarhúss að innan a.m.k. í fl. 2 t.d. gipsklæðning.

Gluggar eru smíðaðir úr timbri í samræmi við ÍST 40 og 41. Gler skal vera 2-falt, gasfyllt; U-gildi 1.1-1.3 W/m2.
Björunarop eru á öllum svefnherbergjum.

Allir gluggar og hurðir skulu í hvívetna uppfylla allar kröfur byggingarreglugerðar um styrk, svignun ofl. vegna vindálags eða annarra krafta.

Gler: Glertegund 4HBM-15-4 (Suncool HP Brilliant) eða sambærilegt, og með sólarfactor (SF) minnst 26

Þar sem neðri brún glugga/hurða er neðar en 800 mm frá góllfi skal nota öryggisglas til samræmis við ákvæði byggingarreglugerðar.

Innanmál útídyra er 90 cm. eða meira. Innanmál annarra dyra er 80 cm..

Innveggir eru timburveggir, hljóðeinngraðir og málaðir eða panelklæddir.

Lagnaleiðir vatns, rafmagns og frárennslis eru innan veggja, í loftklæðningu eða í gólf. Hitastig neysluvatns á töppunarstað má vera 60°C að hámarki.

Vélræn loptræsing er í gufugleypi í eldhúsi og tengd þurrkara í þvottahúsi. Þvottahús, eldhús og baðherbergi eru með vélræna loptræsingu. Önnur loptræsing er náttúruleg um glugga.

Reyskynjarar eru í svefndeild og almenningi. Slökkvitæki eru staðsett á 3 stöðum. Sjá upprátt.

U-gildi (W/m2) einstakra byggingarhluta er sem hér segir:

Þak 0.2
Útveggir 0.4
Léttir útveggir 0.3
Gluggar (karmar, vegið meðaltal glers, K-gler) 2.0
Hurðir 3.0
Gólf
á fyllingu 0.3
að óupphituðu rými 0.3
að útlofti 0.2
Útveggir, vegið meðaltal (veggfletir, gluggar og hurðir) 0.85

Arinn skal þannig gerður og frágenginn að hægt sé að kynda með honum á öruggan hátt og að notkun hans, hreinsun og viðhald hafi ekki í för með sér eld-, sprengi- eða eitrunarhættu, né heilsuspillandi áhrif vegna reyks. Eftir föngum skal hitaainangra þá fleti sem ætla má að hætta geti stafað af ef þeir eru snertir. Arinn skal tengja við reykhá og skal tryggt nægjanlegt aðstreymi fersks lofts vegna bruna.


Reykháfur skal vera úr óbrennanlegum efnum, vörðum gegn tæringu og skal stærð hans miðast við að bruni í eldstæði verði eðlilegur, virkni fullnægjandi og reykhliti verði innan eðlilegra marka. Staðsetning og frágangur skal vera með þeim hætti að ekki sé hætta á að það kvikni í aðliggjandi byggingarhlutum.Hann skal hitaainangra til varnar húðbruna þannig að hitastig verði ekki hærra en 60°C. Hann skal búinn stillanlegu súgspjaldi og sötluðu.

Yfirborð reykháfs skal vera aðgengilegt til eftirlits og viðgerða og skal lengdarþensla vera óhindruð. Þverskurðarflatarmál skal vera óbreytt frá botni til topps.

Reykháfur skal gerður í samræmi við ÍST EN 1443, ÍST-EN 15287-1 eða ÍST EN 15287-2. Þversnið reykops skal ákvarða eftir ÍST EN 13384-1, 13384-2 og 13384-3. Þéttleika samsettra reykháfa skal staðfesta með þrýstiprófun. Reykháfar skulu ná flokkun G samkvæmt ÍST EN 13501-2.

Helstu stærðir

Hús: 138.2m2; 483.4m3
Flatarmál lóðar: 10.100m2
Nýtingarhlutfall: 138.2 : 10.100 =0.0136



AFSTÖÐUMYND 1:2000

5-2408

SAAMVICKT
23. JÚNÍ 2022

VERK

HÖFUÐBÓL 205

TEIKNING

AFSTÖÐUMYND & BYGGINGARLÝSING

VERKKAUPI

KRISTJÁN BJARKI PURKHÚS

MÆLIKVARÐI: 1:100 (m.v. A2)	TEIKNING NR:
DAGSETNING: 16.6.2022	TEIKNAD: GÓJ

GUNNLAUGUR Ó. JOHNSON
arkitekt fai
ÁRBÓT 270 MOSFELLSB.
KT.080657 7819
S. 864 2625
E.goj@centrum.is